

Verklagsreglur um mat á umsóknum um skráningu á lista yfir þá sem heimilt er að sinna gerð skipulagsáætlana, sbr. 2. tl. 5. mgr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

1. Með sérhæfingu í námi á sviði skipulagsmála er átt við námskeið á sviði skipulagsmála á öðru háskólaþrepi sem samsvari a.m.k. 60 ECTS einingum, sbr. viðmið um æðri menntun og prófgráður, svo sem um skipulagskenningar, skipulagsferli, skipulagslöggjöf, skipulagsaðferðir, vinnslu skipulagstillagna, umhverfismat og sambærilegt séu verulegur hluti framhaldsnáms. Þar með geta talist rannsóknarverkefni á sviði skipulagsmála sem eru hluti náms á öðru háskólaþrepi. Með umsókn um skráningu á lista skv. 8. mgr. 7. gr. skipulagslaga þarf að leggja fram staðfest yfirlit yfir nám þar sem tilgreind eru einstök námskeið, umfang þeirra og námskeiðslýsingar.
2. Með sérhæfingu í starfi á sviði skipulagsmála er átt við vinnu að umfangsmiklum skipulagsverkefnum, svo sem við gerð skipulagslýsinga, greiningu skipulagsforsendna, samráð við skipulagsgerð, umhverfismat, mótun stefnu, markmiða og ákvæða skipulagsáætlana og/eða útfærslu skipulagsuppdráttar og skipulagshönnun svæða. Með umsókn um skráningu á lista skv. 8. mgr. 7. gr. skipulagslaga þarf að leggja fram staðfest yfirlit yfir starfsreynslu þar sem tilgreind eru helstu verkefni á sviði skipulagsmála, umfang þeirra og í hverju viðfangsefni umsækjanda fólst í hverju verkefni.

18. nóvember 2015/ breytt 7. júní 2016.